

FISKELDISSTÖÐ VIÐ
TEYGINGARLÆK

DEILISKIPULAG

8 JANÚAR 2001

1 NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

Umrætt svæði er við Teygingarlæk, c.a. 20 km austur af Kirkjubæjarklaustri. Svæðið liggur við vestri jaðar eystri tungu Eldhraunsins sem rann í gosi Lakagíga 1783. Á svæðinu er nú einn sumarbústaður. Lækur rennur í gegnum svæðið og er hann upprunnin undan Eldhrauninu á ýmsum stöðum. Lækurinn fellur í Eldvatn (Teygingalæk) um 150 m neðan við umræddan byggingarreit. Lækurinn rennur í gömlum farvegi Hverfisfljóts, sem flæmdist vestur með Síðunni fyrir gosið 1783, og myndaði marga farvegi í sandinn í gegnum tíðina. Þannig mynduðust lækjarbakkar umhverfis sem eru frá 5 metrum og allt að 50-100 metra breiðir, að meðaltali þó c.a. 30-40m. Hæð frá yfirborði lækjar og aðliggjandi bökkum er frá 1 meter upp í u.þ.b. 3 metra. Eldvatnið sjálft fellur enn vestar í töluvert dýpri og breiðari farvegi.

2 FISKELDISSTÖÐ

Á deiluskipulagsteikningu er sýndir byggingarreitir fyrir fiskeldisstöð. Í byggingareitina má setja stíflu, fiskeldisker, vatnslagnir, vatnsmiðlunartanka, hreinsimannvirki, og önnur mannvirki sem nauðsynlegt þykir að hafa vegna fyrirhugaðra fiskeldisstöðvar. Byggingarreitir lúta skilmálum þeim sem lýst er hér fyrir neðan.

Framkvæmdir eða áhrif þeirra skulu ekki snerta við hraunjaðri eða næsta nágrenni þess.

Miða skal við að framleiðslugeta stöðvarinnar fari ekki yfir 90 tonn á ári.

2.1 AÐVEITA

Allt vatn í framleiðsluna og má taka úr læk sem rennur í gegnum svæðið. Innan byggingarreits B má einnig sækja vatn með borholu niður í grunnvatn.

2.2 BYGGINGARREITUR A - KER

Innan byggingarreitsins má setja samtals 8 ker sem rúma samtals 2060 m³. Litur kerja skal vera í þeim lit sem fellur vel að umhverfinu.

Vatnslagnir sem liggja frá stíflu að miðlunartönkum eða að kerjum skulu að öllu jöfnu liggja neðanjarðar sé því komið við. Allar lagnir sem liggja ofanjarðar skulu vera úr lit sem fellur vel að umhverfinu.

2.3 BYGGINGARREITUR B - HÚS

Inn í byggingarreitinn má setja verkfæra og fóðurgeymslu, og hús fyrir starfsmannastöðu. Hús skulu vera á einni hæð og falla vel að umhverfinu. Þök skulu vera tvíhalla og þakhalli á bilinu 25-35°. Hæð húsa verði ekki meiri en 5 metrar. Samtals grunnflötur þessar bygginga má vera allt að 200 m². Hús skulu vera klædd að utan með timburklæðningu. Litur útveggja og þaka skulu falla vel að umhverfinu.

Allt skólp frá húsum verði leitt í gegnum viðurkenndar rotþrær í samræmi við gildandi reglur þar um.

2.4 BYGGINGARREITUR C - KER

Innan byggingarreitsins má setja samtals 6 ker sem rúma samtals 340 m³. Litur kerja skal vera úr jarðlit.

Vatnslagnir sem liggja frá stíflu að miðlunartönkum eða að kerjum skulu að öllu jöfnu liggja neðanjarðar sé því komið við. Allar lagnir sem liggja ofanjarðar skulu vera úr lit sem fellur vel að umhverfinu.

2.5 BYGGINGARREITUR D - STÍFLA


Innan byggingarreitsins má setja stíflu, hæð stíflu má þó ekki vera hærri en svo að áhrifasvæði hennar nái upp fyrir skipulagsmörk eða yfir núverandi lækjarbakka. Stíflan skal vera þannig úr garði gerð að hún sé sem minnst áberandi fyrir umhverfið. Stíflan skal vera jarðvegsstífla, með steypu tengivirki þar sem rör úr uppistöðulóni tengjast við miðlunartanka. Tengivirkið skal falla inn í jarðvegsstífluna og má mesta lengd henna vera 15 m. Nota má efni í stífluna úr farvegi lækjarins en hvergi skal þó hróflað við nærliggjandi náttúrulegum vatnsbökkum.

2.6 BYGGINGARREITUR E - FRÁVEITA

Allt frárennsli frá stöðinni skal leitt í þar til gerðar fellitjarnir sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur út og samþykkir, enda sé þau mannvirki í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

3 VEGUR AÐ FISKELDISSTÖÐ

Þjóðvegur liggur u. þ. b. 500 – 700 m norð-norðvestan við byggingarreit D. Þaðan liggur vegur eftir lítt grónum sandmelum að byggingarreit. Vegagerð ríkisins hefur samþykkt fyrir sitt leyti teikningar að vegi að fiskeldisstöð og tengingu við þjóðveg (sjá afstöðumynd, 28.09.2000). Gögn þar að lútandi eiga að liggja nú þegar fyrir hjá Skipulagi ríkisins. Rétt er að taka fram að engin sérstök vegagerð þarf að eiga sér stað vegna þessa, þar sem notaður er fyrirliggjandi vegslóði. Viðkomandi landeigendur skulu einnig leggja fram samþykki sitt fyrir því að vegurinn liggja í gegnum land þeirra.



Ker 1-2

hvert ker 12,6 m² / 16,3 m³

Ker 3-8

hvert ker 44,2 m² / 57,4 m³

Ker 9-16

hvert ker 113 m² / 249 m³

Ker 17-18

hvert ker 12,6 m² / 16,3 m³

31. maí 2001
Byggingafulltrúinn
Kirkjubæjarklaustri
Páll Guðmundsson

Fiskeldisstod Glædis ehf. Teygingalæk

Yfirlitsmynd

dags. 31/5 '01

Mælikvardi 1: 500

teiknari:

Hrafnkell Birgisson

samp.

